

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2009

frá 22. október 2009

**um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn (um framkvæmd samkeppnis-
reglna sem gilda um fyrirtæki)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 21 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 frá 7. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja ⁽²⁾ ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 172, 6.5.2004, bls. 9.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1792/2006 frá 23. október 2006 um aðlögun tiltekinna reglugerða og ákvarðana á sviði frjálsra vöruflutninga, frjálsrar farar fólks, stefnu í samkeppnismálum, landbúnaðar (heilbrigðislöggjafar á sviði dýra og dýraafurða og löggjafar á sviði plöntu heilbrigðis), fiskveiða, stefnu í flutningamálum, skattlagningar, hagskýrslna, félagsmálafestefnu og atvinnumála, umhverfismála, tollabanda laga og samskipta við önnur ríki, vegna aðildar Búlgaríu og Rúmeníu ⁽³⁾ var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 og ber að bæta henni við sem undirlið við reglugerð (EB) nr. 802/2004.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2008 frá 20. október 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 802/2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 802/2004 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 447/98 ⁽⁵⁾, which is incorporated into the Agreement and is therefore to be repealed under the Agreement,

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti 2. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 447/98) í 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn hljóði svo:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 362, 20.12.2006, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 279, 22.10.2008, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 61, 2.3.1998, bls. 1.

„**32004 R 0802**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 frá 7. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtið. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 172, 6.5.2004, bls. 9, eins og henni var breytt með:

- **32006 R 1792**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1792/2006 frá 23. október 2006 (Stjtið. ESB L 362, 20.12.2006, bls. 1),
- **32008 R 1033**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2008 frá 20. október 2008 (Stjtið. ESB L 279, 22.10.2008, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 802/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 172, 6.5.2004, bls. 9, og 1033/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. október 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. október 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.